



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

LÍOL2SS05
Líffæra- og lífeðlisfræði

Áfangalýsing:

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræði út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi **frumna og vefja**, flutning efna yfir himnur, jafnvægisheigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi **þekjakerfis** og lagskiptingu húðar; líffæri **beinakerfis**, beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liði og hreyfingar **vöðvakerfis**, innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdrátt, helstu vöðva líkamans; **taugakerfið**, taugavef, taugaboð, taugaboðefni, **skipulag taugakerfis** og starfsemi; **skynfæri** og skynjun; og **innkirtlakerfið**.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeirri frumstarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra og líffærahluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

Námsefni:

- *Líffæra- og lífeðlisfræði. Fyrri bindi.* Regína Stefnisdóttir tók saman. Iðnú, 1995.
- *Human Anatomy Coloring Book.*
- Efni frá kennara.
- Trélitir.

Áætlun yfirferðar:

Vika	Dagsetningar	Viðfangsefni	Verkefni og próf
1-2	1/1 - 12/1	1. og 2. kafli	Spurningar úr 1. og 2. kafla.
3-4	15/1 - 26/1	3. kafli	Spurningar úr 3. kafla.
5	29/1 - 2/2	4. kafli	Spurningar úr 4. kafla. Könnun úr 1.-4. kafla.
6-7	5/2 - 16/2	5. kafli	Spurningar úr 5. kafla.
8	19/2 - 23/2	6. kafli	Spurningar úr 6. kafla.
9-11	26/2 - 15/3	VERKNÁM	
12	18/3 - 22/3	7. kafli	
13	Páskafri		
14	1/4 - 5/4	7. kafli	Spurningar úr 7. kafla. Könnun úr 5.-7. kafla.
15	8/4 - 12/4	8. kafli	Spurningar úr 8. kafla.
16	15/4 - 19/4	9. kafli	Spurningar úr 9. kafla.
17	22/4 - 26/4	10. kafli	Spurningar úr 10. kafla.
18-19	29/4 - 8/5	Upprifjun	Könnun úr 8.-10. kafla. Síðasti kennsludagur er 8/5.

Námsmat:

Tegund	Lýsing	Vægi
Skilaverkefni:	Spurningar í lok hvers kafla.	30%
Lokapróf:	Próf úr öllu námsefninu.	70%

Nemandi þarf að skila 90% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir (á tilsettum tíma) og mæta samkvæmt mætingaskyldu skólans til að öðlast próftökurétt.

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Kennari: Sigrún Ína Ásbergisdóttir (SÍA)

sigrun.ina.asbergisdottir@fsu.is